

EFTIRLITSSKÝRSLA

Elkem Ísland ehf. Hvalfjörður



Dags eftirlits	20.6.2012	Fulltrúi UST	Ólafur Kristinn Tryggvason
Fyrirtæki	Elkem Ísland ehf.	Fulltrúi UST	Eva Dögg Kristjánsdóttir
Heimili	Grundartanga	Tegund eftirlits	Reglubundið fyrra eftirlit
Kennitala	6406750209	Flokkur	Verksmiðja
Fulltrúi fyrirtækis	Gestur Pétursson	ÍSAT nr.	24.10.0
Fulltrúi fyrirtækis	Gunnar Svavarsson og Jens Andr�sson	Staðsetning	365514,62 431317,984

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Þrjú frávík komu fram við yfirferð innsendra gagna frá Elkem og í eftirlitinu:

- < Styrkur svifagna, járns og áls í frárennsli er fyrir ofan mörk í starfsleyfi og meðalgildi pH-gilda er of lágt.
- < Ekki liggur fyrir skrifleg áætlun um endurnýtingu úrgangs.
- < Sólarhringsmeðalstyrkur SO₂ að Kríuvörðu mældist 21 sinni yfir gróðurverndarmörkum árið 2011, en leyfilegt er að yfirstíga þau mörk samtals sjö sinnum árlega.

Athugasemd er gerð við mikil óhreinindi á plönnum í kringum verksmiðjuhús þar sem óhreinindi eiga greiðan aðgang að niðurföllum, sérstaklega við hráefnisgeymslur.

UMFANG EFTIRLITS

Eftirlitið hófst á fundi með fulltrúum fyrirtækisins þar sem farið var yfir starfsleyfi fyrirtækisins lið fyrir lið, skil á gögnum samkvæmt ákvæðum í starfsleyfi, almennt um rekstur fyrirtækisins og síðustu eftirlitsskýrslu.

Skv. gr. 1.5 í starfsleyfi á fyrirtækið að skila áætlun um frágang vegna rekstrarstöðvunar til Umhverfisstofnunar. Áætlunin var afhent í desember 2011 og telst hún uppfylla kröfur.

Farið var yfir úrbætur varðandi rykmengun vegna löndunar og meðhöndlunar hráefna skv. gr. 2.1. Með breyttum verklagsreglum hefur tekist að draga verulega úr löndunaryrki með því að væta efnið og í frostum er gert hlé á löndun ef vindur er mikill. Rekstraraðilar upplýstu um að til standi að fara í stórt langtíma verkefni við að fanga ryk við upptök ryklosunar í verksmiðjunni, sérstaklega gagnvart starfsfólki.

Eftirlitsaðilum var afhent yfirlit yfir brennisteinsinnihald í kolum og koksi sem verksmiðjan notar. Öll olía sem fyrirtækið notar frá íslenskum söluaðilum og uppfyllir kröfur um brennisteinsinnihald eins og gr. 2.2 kveður á um.

Farið var yfir kvittanir um uppdælingar úr olúskiljum sbr. gr. 2.13 og 2.14 í starfsleyfi.

Mælingar á styrk efna í fráveituvatni sýndu frávík frá starfsleyfi. Styrkur svifagna (162 mg/l) er töluvert yfir mörkum í starfsleyfi (50 mg/l) og einnig mældist járn (Fe) og ál (Al) yfir mörkum. Sýrustig var undir mörkum, meðaltal mælinga er pH 7,1 en lágmarksmörk í starfsleyfi eru 7,5.

Ekki er til skrifleg áætlun um endurnýtingu úrgangs eins kveðið er á um í gr. 2.18. Slík áætlun skal vera samþykkt hjá Umhverfisstofnun, Heilbrigðiseftirliti Vesturlands og Hvalfjarðarsveit. Í eftirliti voru skoðaðar kvittanir um skil á almennum framleiðsluúrgangi, sorpi og umbúðum ásamt spilliefnum, sbr. gr. 2.20 og 2.21.

Vöktunaráætlun um mælingar útblásturs skv. gr. 3.1 var send á Umhverfisstofnun í eftirlitinu.

Skráningar skv. gr. 3.2 voru yfirfarnar og er ekki gerð athugasemd við þær. Fram kom að öll reyklos eru skráð sjálfvirkt óháð því hvort álag ofns er yfir 30% af hámarkskeyrsluálagi ofnsins eða ekki.

Skýrsla til Umhverfisstofnunar um rekstur reykhreinsivirkja, fjölda og lengd reyklosa, rykframleiðslu, losun brennisteinsdíoxíðs og um nýtingu og förgun framleiðsluúrgangs.sbr. gr. 3.4 í starfsleyfi barst Umhverfisstofnun 20 mars sl.

Skýrslu um niðurstöður umhverfísvöktunar við Grundartanga fyrir árið 2011 var skilað til Umhverfisstofnunar í apríl.Í skýrslunni kemur fram að sólarhringsmeðalstyrkur á SO₂ fór 21 sinni yfir gróðurverndarmörk að Kríuvörðu árið 2011, en leyfilegt er skv. reglugerð nr. 251/2002 að yfirstíga þau mörk samtals sjö sinnum árlega. Fram kom í eftirliti að Elkem og Norðurál hafa fengið fyrirtækið Vatnaskil til að gera greiningu á þessu og er niðurstaðna að vænta í haust.

Að fundi loknum var farið í eftirlit í verksmiðjuna og útisvæði. Í verksmiðjunni var skoðuð stjórnstöð fyrir ofnana og einnig FSM steypan. Á útisvæðunum var sérstaklega kannað ástand niðurfalla þar sem niðurstöður frárennismælinga hafa farið fram úr mörkum í starfsleyfi. Í ljós kom að töluvert var um óhreinindi á útiplönunum í kringum niðurföll og framan við hráefnageymslu voru dæmi um algjörlega stífluð niðurföll.

Frávik frá	Lýsing á fráviki
Gr. 2.12 og gr. 2.16 í starfsleyfi	Í frárennismælingum voru svifagnir fyrir ofan mörk í starfsleyfi. Mælt var í 13 daga og meðaldagur var 162 mg/l en mörkin eru 50 mg/l. Járn mældist 7,6 kg/dag en mökin eru 5 kg/dag og ál mældist 6,5 kg/dag en mörkin eru 1 kg/dag og meðalsýrustig var of lágt mældist pH 7,1 en á að vera hærra en pH 7,5.
Gr. 2.18 í starfsleyfi	Annað frávik var að ekki er til skrifleg áætlun samþykkt af Umhverfisstofnun, Heilbrigðiseftirliti Vesturlands og Hvalfjarðarsveit um endurnýtingu úrgangs.
Gr. 2.4 í starfsleyfi	Sólarhringsmeðalstyrkur SO ₂ mældist að Kríuvörðu 21 sinni yfir gróðurverndarmörkum, en leyfilegt er að yfirstíga þau mörk samtals sjö sinnum árlega skv reglugerð nr. 251/2002.

ATHUGASEMDIR

Athugasemd er gerð við mikil óhreinindi á plönunum í kringum verksmiðjuhús þar sem óhreinindi eiga greiðan aðgang að niðurföllum, sérstaklega við hráefnisgeymslur.

ANNAÐ

Elkem hefur verið með í gangi verkefni sem snýr að því að fá ISO 14001 vottun og er stefnt að því að því verkefni ljúki í nóvember n.k.

Reykjavík, 29.08.2012



Ólafur Kristinn Tryggvason

- 1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.
- 2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.